

55

24. okt.

L Ö G

um tekju- og eignarskattsauka.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir
árið 1934, sem nemur 40% af skattinum það ár samkv. gildandi lögum. Þó skal
eigi innheimta lægri fjárhæð en 5 krónur hjá hverjum gjaldanda.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti
samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breytingum á þeim
lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila
í ríkissjóð upp í skattgreiðslu manna hluta af kaupi þeirra, sem nægi fyrir
skattgreiðslunni.

Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar
við innheimtu skattsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 24. október 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.